

Tillögur Reykjavíkurráðs ungmenna til borgarstjórnar fyrir fund þriðjudaginn 25. mars 2014

1. Einstaklingsmiðaðra nám í grunnskólanum – Þorsteinn Davíð Stefánsson, Ungmennaráði Miðborgar og Hlíða

Greinargerð: Tillaga Reykjavíkurráðs lýtur að því að í sameiningu ákveði nemendur, foreldrar og kennarar hvaða erfiðleikastig henti nemendum best í hverju fagi fyrir sig. Með þessum hætti ættu allir nemendur að fá námsefni við sitt hæfi.

2. Samræmd einkunnargjöf við lok grunnskóla – Jessý Jónsdóttir, Ungmennaráði Grafarvogs

Greinargerð: Nám er mismunandi eftir skólum og eru misjafnar áherslur innan hvers skóla. Því er nauðsynlegt að koma með einhvers konar staðlaða samræmingu til að sjá hvar bæði skólar og nemendur standa námslega. Lítil sanngirni er í kennslumati eins og staðan er í dag. Að mati Reykjavíkurráðs ungmenna ætti að hafa samræmda einkunnagjöf í grunnskólum, sérstaklega í eldri bekkjunum þegar einkunnirnar eru farnar að skipta máli fyrir komandi val á framhaldsskólum.

3. 16+ starf er framtíðin – Margrét Sæmundsdóttir, Ungmennaráði Árbæjar og Holta

Greinargerð: Það er mikilvægt að ungmennahús fyrir 16-25 ára verði starfrækt í öllum hverfum borgarinnar. Þau gegna mikilvægu hlutverki í forvarnarstarfi ungmenna og bjóða þeim upp á fjölbreytt og öruggt félagslíf undir leiðsögn fagaðila. Félagsmiðstöðvastarf unglinga endar þegar þau þurfa mest á því að halda eftir grunnskóla. Nauðsynlegt er að ungmennahús verði fastur liður í fjárhagsáætlun borgarinnar.

4. Samkomusvæði fyrir ungt fólk í Grafarholti og Úlfarsárdal – Sindri Már Fannarsson, Ungmennaráði Árbæjar og Holta

Greinargerð: Samkomusvæði við Úlfarsá milli Grafarholts og Úlfarsárdals er góð leið til að sporna gegn einangrun og stuðla að aukinni hreyfingu ungmenna á svæðinu. Svæðið skapar heilbrigt umhverfi fyrir ungt fólk í dauðu hverfi.

5. Reykjavíkurborg borgi lýsingu á grunnskólalóðum – Kári Arnarsson, Ungmennaráði Laugardals og Háaleitis

Greinargerð: Á grunnskólalóðum safnast saman krakkar á öllum aldri og eyða tíma saman. Ef ekkert ljós er á svæðinu þá myndast vettvangur fyrir misvafasama starfsemi af ýmsum toga,

s.s. dópsölu og landasölu. Aftur á móti ef lýsingarinnar nyti við þá væri umhverfið mun öruggara. Lýsingu er mjög ábótavant á þó nokkrum grunnskólalóðum í Reykjavík.

Mánuður	Sólarupprás	Sólarlag
September	06:08	20:47
Október	07:35	18:59
Nóvember	09:10	17:40
Desember	10:45	15:50
Janúar	11:20	15:42
Febrúar	10:10	17:12
Mars	08:38	18:43
Apríl	06:49	20:16
Mái	05:02	21:49

6. Verklag um meðferð á tillögum Reykjavíkurráðs – Elín María Árnadóttir, Ungmennaráði Vesturbæjar

Greinargerð: Móta þarf verklag um það hvernig farið er með tillögur Reykjavíkurráðs frá borgarstjórnarfundum. Einnig þarf að móta skýrt verklag um það hvernig svör og upplýsingar um stöðu tillagnanna berast til Reykjavíkurráðs. Reykjavíkurráð ungmenna kemur með tillögur af ástæðu um það sem skiptir ungt fólk máli.

7. Aukið símat í grunnskólum – Sara Þöll Finnbogadóttir, Ungmennaráði Breiðholts

Greinargerð: Tillagan fjallar um aukið símat í grunnskólum gegn minna vægi lokaprófa og -verkefna.

8. Battavöll í Vesturbæinn – Adda Þóreyjardóttir Smáradóttir, Ungmennaráði Vesturbæjar

Greinargerð: Í Vesturbænum er enginn battavöllur fyrir almenningssnot en í öðrum hverfum má jafnvel finna nokkra. Eini eiginlegi battavöllurinn sem er í Vesturbænum er staðsettur við KR og eingöngu KR notar hann í sinni starfsemi. Þar að auki er dúkurinn ónýtur og þarfnast völlurinn endurbóta og viðhalds.